

Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisjörður / Reykavík



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Það má segja að verkefnið hafi byrjað árið 2019 þegar okkur bauðst að taka þátt í samsýningunni Tilraun II - Æðarrækt. Í gengum það verkefni kynntumst við Sigrúnu og Péttri, æðarbændum í Seyðisfirði. Síðan þá höfum við sinnt æðarvarpi með þeim hvert sumar.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Verkið á sýningunni Tilraun II - Æðarrækt sem opnuð var í Norrænahúsinu á HönnunarMars 2022. Verkið ber titilinn Æðardrottning og er um að ræða búning æðarbóndans sem samanstandur af, hönskum, hjálmi, kápu og staf.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Verkefnið *Annarsflokks gæða æðardúnn* mun að mestu leyti fara fram á Seyðisfirði um og eftir varptímamann sem byrjar í maí og klárast fyrstu helgina í júlí. Þegar hausta tekur færum við okkur yfir til Reykjavíkur þar sem verkefnið verður tekið á næsta stig.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Siðasliðin ár höfum við átt í erfiðleikum með lúpínuna sem þekur stóran part jarðarinnar á Skálanesi. Lúpína situr á þriðjungi varpsins, æðarfuglinn sækir í skjólið sem af henni er. Æðardúnn sem tíndur er á lúpínusvæði inniheldur örfínar trefjar plöntunar sem ógerlegt er að ná úr.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Hér arka Íris og Sigrún af stað inn í Lúpínubreiðuna sem þekur stóran hluta varpsins. Lúpinan er hæg yfirferðar og oft mjög slungið að finna hreiðrin sem þar leynast.



Ítarefni

Heriður inn í lúpinu.

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Hér má sjá mynd af æðarvarpinu á Skálanesi, allt svæði 5, hluti af svæði 6, 2, 3 og fjögur er að finna lúpínu.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Hér má sjá mynd af Sigrúnu Æðarbónda á Skálanesi og innandyra aðstöðu til þurrkunar á æðardúni.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisjörður / Reykavík

Hér má sjá allan þann lúpinudúnn sem safnaðist árið 2022, eins og sést er um mikið magn að ræða, en um þriðjungur alls dúns frá Skálanesi er lúpinudúnn sem ekki fær vottun. Dúnninn er hér óhreinsaður, en dúnn fer fyrst í gegnum grófhreinsun og svo fínhreinsun.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisjörður / Reykavík

Á þessari mynd sést hvernig dúnninn er þurrkaður utandyra þegar hlýtt og bjart er í veðri. Hér er um að ræða grófhreinsun á æðardúni.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Í fyrra gerðum við tilraun á því hvort væri hægt að gera þennan dún að fyrstaflokks æðardún. Við sátum við í 16 klukkustundir og samtals hreinsuðum við 800 gr af dúni. Sá dúnn fékk á endanum ekki vottun, því enn fundust tréfar að mati dúnmatsmanns.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisjörður / Reykavík

Dúnn sem ekki fær vottun má ekki selja samkvæmt lögum. Slikur dúnn er þó ekki ónýtur, hann hefur sömu kosti og fyrstaflokks dúnn, hann er hlýr, léttur og einangrandi, en ber einnig hárfínar trefjar lúpinunnar. Eins og sést hér fyrir neðan vottar ekki fyrir trefjunum, þrátt fyrir mikla vinnu.




Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisjörður / Reykavík

Hér má sjá magnið af dúnn sem önnur okkar hreinsaði á átta klukkustundum, 420 gr samtals.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Þar sem við sitjum uppi með hágæða dún sem ekki er hægt að selja er okkar markmið að þróa vörur úr lúpínudún eða annarsflokks æðardún. Markmið með vörum úr annarsflokks æðardúni á að sýna fram á möguleika á því að nýta þessa afurð en einnig opna á umræðuna um um flokkunarkerfi æðardúns á Íslandi.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Sigrún Ólafsdóttir og Pétur Jónsson, landeigendur á Skálanesi og æðarbændur eru okkar helstu samstarfsaðilar. Við erum þeim gríðarlega þakklátar fyrir að hafa hleypt okkur með sér inn á sitt varpland. Það ríkir mikið traust og áhugi til þess að vinna saman að þessu fallega starfi. Hvern einasta dag, lærum við eitthvað nýtt af þeim og þau eflaust eitthvað nýtt af okkur.





Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík


Markmið rannsóknarverkefnisins sem Erindrekar vinna að eru fjölbætt en fyrst og fremst snýst það um að þróa vörur úr annarsflokks dúnn með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Að blanda saman hefð og menningararfi annars vegar og nútímaþörfum og -gildum hins vegar. Við viljum efla til samtals við æðarbændur og samfélag um hvað hægt sé að gera við þessa dýrmætu náttúruafurð sem liggur óhreyfð í geymslum hjá æðarbændum um allt land.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Í stuttmynd er kafað inn í heim æðarræktar þar sem áhugaverða karaktera er að finna. Meginviðfangsefnið er annarsflokks dúnn. Í myndinni eru viðtöl við dúnmatsmenn, æðarbændur og líffræðinga. Viðmælendur fræða áhorfendur um það áhugaverða kerfi sem liggur að baki framleiðslu æðardúns og þeirra persónulegu skoðanna á því. Stillur úr efni má sjá hér að neðan..



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Signý Jónsdóttir til vinstri og Íris Indriðadóttir til hægri,
saman eru þær Erindrekar.



Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

Annarsflokks gæða æðardúnn er verkefni þar sem ónot-hæfur lúpínudúnn öðlast notagildi. Lúpínudúnn er æðardúnn sem inniheldur trefjar plöntunnar. Þær er ógerlegt að fjarlægja og þar af leiðandi verður forliðurinn annarsflokks áhangandi orðsins. Annarsflokks æðardún er ólöglegt að selja bæði hérlendis sem og erlendis. Slíkur dúnn er þó ekki ónýtur, hann hefur sömu kosti og fyrstaflokks dúnn, hann er hlýr, léttur og einangrandi, en ber einnig hárfínar trefjar lúpínunnar. Mikið er til af annars flokks dún en hann situr í geymslum æðarbænda án hlutverks. Þessi efniviður er sóttur á sjálfbæran og mannúðlegan hátt á Íslandi og gæti vel verið nýttur ef ekki væru ströng lög. Fyrirhugað er að sýna fram á notagildi annarsflokks æðardúns sem sjálfbæran og hagkvæman kost fyrir framtíðaræðarbændur og neytendur. Verkefnið samanstendur af lífandi rannsókn á æðarvarpi í Seyðisfirði, skráningarkerfi á framleiðsluferli efniviðarins, vöruþróun til samanburðar á fyrstaflokks og annarsflokks æðardúni og miðlun á ferli með það að leiðarljósi að opna á umræðuna um nýtingu á annarsflokks æðardún á Íslandi sem og erlendis.

Verkfnið hófst árið 2019 og hefur það leitt til þess að umsækjendur voru ráðnir sem æðarbændur til frambúðar á Seyðisfirði. Helstu samstarfsaðilar verkefnisins hafa unnið með umsækjendum síðast liðin 3 ár í hönnunarrannsókn á æðardún. Þau eru Sigrún og Pétur, æðarbændur á Skálanesi síðastliðin 20 ár. Einnig eru TOS designers, sýningarstjórar og umsjónarmenn samsýningarinnar Tilraun II Æðarrækt, ráðgjafar verkefnisins Annarsflokks gæða æðardúnn sem einnig eiga sterka tengingu og fjölbreytta þekkingu á eniviðinum.

Ítarefni

Annarsflokks gæða æðardúnn

Seyðisfjörður / Reykavík

